

## **Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 26. 06. 2008**

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps fimmtud. 26. júní 2008 kl. 16: 00. Fundarstaður: Geysir.

Mættir voru: Albert Jensson, Klara Bjarnadóttir, Andrés Skúlason, Sigurður Ágúst Jónsson og Brynjólfur Einarsson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri. Andrés stjórnaði fundi.

Í upphafi fundar var samþ. samhljóða að bæta á dagskrána eftirtöldum fundargerðum undir hér greindum liðum: 2 h) Afmælisnefnd Grunnskóla Djúpavogs, annar fundur 4. júní 2008, ÍBR (Íbúaráð) 5. júní 2008.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fjárhagsleg málefni, stofnanir o. fl.:**

- a) Grunnskóli Djúpavogs; sjálfsmatskýrsla 2007-2008. Sveitarstjórn lýsir ánægju með skýrsluna. Lögð fram til kynningar.
- b) Lóð umhverfis íbúðarhúsið Ask; Kauptilboð frá Ragnhildi Garðarsdóttur og Sigurði Guðjónssyni. Samþykkt að hafna ósk um kaup á lóðinni, en bjóða eigendum nýjan lóðarsamning til allt að 50 ára. (BE sat hjá)
- c) Drög að samningi um félags- og barnaverndarþjónustu o.fl. gögn vegna hugmynda um aðkomu Seyðfirðinga að málinu. Sveitarstjórnin samþ. fyrir sitt leyti samningsdrögin samhljóða eins og þau liggja fyrir og veitir sveitarstjóra umboð til að skrifa undir hann f.h. Djúpavogshrepps.

#### **2. Fundargerðir / afgreiðslumál frá nefndum:**

- a) Fundargerð SBU frá 25. júní 2008. Eftirtaldir liðir (byggingarleyfisskyld mál) staðfestir samhljóða:

- I) Karl Jónsson v/ klæðning útveggja o.fl. á Steinum 11.
- II) Gústa Svavarsdóttir v/ íb.húsið Bjarg í Papey.
- III) Norvald Sandö v/ Garðhús við Hammersminni 6.
- IV) Bryndís Jóhannsdóttir v/ skjólveggur við Markarland 6 a).
- V) Sigurjón Stefánsson v/ sólpallur / skjólveggur við Steina 12.
- VI) Birgir Guðmundsson v/ pallur við Hamra 4.
- VII) Ingibjörg Stefánsdóttir v/ girðing við Brekku 7.
- VIII) Kristín Sigfinnsdóttir v/ smáhýsi við Sjólust.

Oddviti kynnti afgr. SBU v/ umsóknar Björns Grönvold Aðalsteinssonar um lóð austan við Víkurland 4 b) og á hvaða forsendum nefndin mælir með að henni verði hafnað af sveitarstjórn. Samþ. samhljóða að staðfesta álit nefndarinnar og hafna umræddri lóðarveitingu og benda umsækjanda hins vegar á möguleika á lóð á svæði neðan við Steinsstaði, sem afmarkað hefur verið í aðalskipulagi til byggingar sumarhúsa.

Sveitarstjórn tekur undir bókun SBU varðandi Axarveg og Þjóðveg nr. 1 um Skriðdal og Berufjarðarbotn.

- b) Fundargerð Landbúnaðarnefndar, 25. júní 2008.

Í lið 1 gerir LBN tillögu um að sveitarstjórn leggist gegn umsókn um geitabúskap að Teigarhorni á grundvelli rökstuðnings, sem kemur fram í fundargerðinni. Tillaga LBN staðfest.(BE sat hjá.) Sveitarstjóra falið að tilkynna hlutaðeigandi um afgreiðsluna.

Liður 3; Rúlluplast í sveitum Staða mála kynnt. Í gang er að fara söfnun á rúlluplasti sveitarfélaginu að frumkvæði SBU. Hafa ábúendur almennt séð tekið

mjög vel í upphaflegt erindi, sem fylgt var eftir með símtölum í þessari viku þar sem frekar fá svör höfðu til þess tíma borist. Sveitarstjórn fagnar þessu mikilvæga umhverfisverkefni í sveitinni og vonast eftir því að bændur / landeigendur bregðist vel við svo góður árangur náist. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Undir þessum lið var sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um alla samninga, (skriflega og munnlega) um nytjar lands í eigu sveitarfélagsins og leggja fyrir sveitarstjórn eigi síðar en í lok september.

- c) SKA (Skólaskrifstofa Austurlands); stjórnarf. 19. júní 2008. Lögð fram til kynningar.
- d) Brunavarnir á Austurlandi; stjórnarfundur 29. maí 2008. Lögð fram til kynningar.
- e) Félagsmálanefnd; 31. fundur 7. maí 2008.
- f) Félagsmálanefnd; 32. fundur 27. maí 2008.
- g) Félagsmálanefnd; 33. fundur 10. júní 2008. Fundarg. skv. liðum 2 e) - 2 g) lagðar fram til kynningar
- h) Afmælisnefnd Grunnskóla Djúpavogs; fyrsti fundur 27. maí 2008 og annar fundur 4. júní 2008. Lagðar fram til kynningar.
- i) Íbúaráð (ÍBR) 5. júní 2008. Fundargerðin lögð fram til kynningar, ásamt minnisblöðum formanns v/ fundar með félagi eldri borgara og fulltrúum frá Landssambandi félags eldri borgara á Djúpavogi (Helgafelli) 8. marz 2008 og frá málþingi um íslenzkukennslu meðal útlendinga á Egilsstöðum 6. marz 2008.

### 3. Erindi og bréf:

- a) Fjölmeningarsetur, dags. 3. júní 2008 varðandi þjónustu við íbúa af erlendum uppruna. Lagt fram til kynningar.

### 4. Kosningar:

- a) Oddviti til eins árs var kjörinn Andrés Skúlason.
- b) Fyrsti varaoddviti til eins árs var kjörinn Albert Jensson.
- c) Annar varaoddviti til eins árs var kjörinn Sigurður Ágúst Jónsson. Allir framangreindir kosnir samhljóða.

### 5. Samþykktir um hunda- og kattahald í Djúpavogshreppi. Síðari umræða.

Oddviti gerði grein fyrir lítilsháttar breytingartillögum, sem gerðar hafa verið frá fyrri umræðu. Eftir ítarlega umfjöllun voru samþykktirnar bornar upp og ákveðið að ganga frá þeim í samræmi við umfjöllun um einstaka liði á fundinum og undirrita þær í framhaldi af því.

### 6. Skýrsla sveitarstjóra:

- a) Bókasafn Djúpavogs; Fyrirliggjandi drög að gjaldskrá staðfest. Hún tekur gildi 1. jan. 2009 og megininntak hennar er að frá þeim tíma verða árskort ókeypis, en sektir hækka. Einnig verður gjaldtekið fyrir kostnað v/ millisafnalána.
- b) NA-nefndin. Gerð grein fyrir fundi á EGS. 25. júní, en hann sátu AS, AJ, SÁJ og BHG f.h. Djúpavogshrepps.
- c) Farið lítillega yfir borgarafund 11. júní s.l., sem sveitarstjórn er sammála um að hafi tekizt vel og m.a. var mæting á fundinn mjög góð.
- d) Sveitarstjóri kynnti stöðu mála v/ innheimtu gatnagerðargjalds af Vörðu 18. Vegna mögulegs formgalla var fyrri álagning B-gjalds felld niður þann 3. júní s.l., en jafnframt boðað að álagning myndi fara fram að nýju. Sveitarstjóri hefur falið lögmanni sveitarfélagsins að tilkynna eigendum Vörðu 18 um endurálagningu B-gjaldsins.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18.00.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.